
Tæknimennt

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðla læsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi felur í sér að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapand hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemendur verða þannig læsir á texta, myndir og töluleg gögn, ná góðri tæknifærni og hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis. Í tölvuritunarnámi er mikilvægt að vinna jafnt og þétt og endurtaka æfingarnar reglulega. Rétt fingrasetning skiptir máli til að ná tókum á lyklunum á lyklaborðinu og til að geta notað blindskrift til að auka hraðann.

Markmið

Að nemandi:

- geti beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.
- læri að þekkja hvar lyklarnir eru staðsettir út frá ákveðnum lykillyklum á lyklaborðinu.
- þjálfist í blindskrift.
- hafi náð 150 slögum á mínútu.
- geti nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- geti nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.

Leiðir

Vefsíður með vélritunaræfingum. Ýmis forrit.

Námsmat

Stöðupróf í lok vetrar, ýmis skilaverkefni, vinna í tímum og fjöldi vélritunaræfinga.

Námsgögn

<http://www.sense-lang.org/typing/icelandic.php>

Ýmis forrit
